



Norræna
ráðherranefndin

SAMANTEKT AF SKÝRSLUNNI:

Heilsa, líðan og lífsskilyrði ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum

Rannsóknaryfirlit og kortlagning aðgerða

Uppbygging

Inngangur	3
Rannsóknaryfirlit	4
Aðgerðir á Norðurlöndunum	7
Um ritið	8

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu: <https://pub.norden.org/temanord2021-530>.



Inngangur

Þrátt fyrir að lífsskilyrði hinsegin fólks á Norðurlöndum hafi breyst síðustu sjötíu árin, sýna stórar lýðheilsurannsóknir að hinsegin fólk búi við lakari andlega og líkamlega heilsu en aðrir íbúar Norðurlanda. Líf þeirra kynslóða hinsegin fólks sem eru í yngri kantinum mótast einnig í stórum mæli af því að kynhneigð eða kynvitund þeirra falli utan við hinn venjulega gagnkynhneigða ramma. Þetta veltur meðal annars á þeirri streitu sem að hinsegin fólk þar að lifa við í daglegu lífi, svokölluðu minnihlutaálagi (e. *minority stress*). Hér er meðal annars verið að tala um áreiti eða hættu á áreiti, jaðarsetningu og ofbeldi. Þá leiðir það til verri heilsu að mæta fordómum og mismunun dagsdaglega, að endrum og sinnum þurfa að fela persónueinkenni sín í samfélagi þar sem að hræðsla og fordómar gegn hinsegin fólki virðist á stundum inngróin.

Norræna ráðherranefndin hefur að þessum sökum átt frumkvæði að verkefni til þess að varpa ljósi á líðan ungs hinsegin fólks. Markmið verkefnisins er að miðla þekkingu og reynslu til þess að stuðla að betri lífsskilyrðum ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum. NIKK (*Nordisk information för kunskap om kön*), sem er samstarfsaðili Norrænu ráðherranefndarinnar, framkvæmdi verkefnið og hefur skilað af sér skýrslunni „*Hälsa, välmående och livsvillkor bland unga LGBTI¹-personer i Norden*“ (*íslensk þýðing á titli: Heilsa, líðan og lífsskilyrði ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum*). Skýrslan samanstendur af tveimur hlutum:

- rannsóknaryfirliti sem lýsir stöðu rannsókna á líðan ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum og
- kortlagningu á aðgerðum sem hafa haft það að markmiði að bæta líðan ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum.

1. LGBTI er skammstöfun fyrir hugtökin Lesbian, Gay, Bisexual, Transgender og Intersex. Skammstöfunin er notuð í norrænu og alþjóðlegu samhengi. Skammstöfunin er notuð í frumtextanum en í þessari þýðingu er notast við hugtakið *hinsegin* í stað skammstöfunarinnar.



Rannsóknaryfirlit

Rannsóknaryfirlitið er byggt á kerfisbundinni heimildaleit, með áherslu á vísindalegar rannsóknir sem líta til ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum og hafa verið birtar á árunum 2015–2020. Samtals leggja 38 útgefnar rannsóknir grunninn fyrir rannsóknaryfirlitið og þar á meðal eru bæði eigindlegar og megindlegar rannsóknir. Þessar rannsóknir eru flokkaðar undir tveimur efnisatriðum. Annar flokkurinn er *heilsa* og hinn síðari er *samfélagslegir staðlar og lífsskilyrði*. Þá er einnig fjöldi undirflokka.

Heilsa

Þær rannsóknir sem leggja áherslu á andlega heilsu og reynslu af t.d. þunglyndi, kvíða og streitu sýna að kynhneigð eða kynvitund sem fellur utan normsins hefur stór áhrif á andlega heilsu fólks. Transfólk vitnar sérstaklega um slæma andlega heilsu. Einnig er sjálf skaðahegðun, sjálfsmorðshugsanir og sjálfsmorðstílaunir algengari meðal ungs hinsegin fólks en annarra. Aftur kemur transfólk áberandi illa út, en einnig fólk sem hefur stundað kynlíf með einhverjum af sama kyni en skilgreinir sig sjálft ekki sem sam- eða tvíkynhneigt.

Hinsegin hópurinn vitnar einnig um lakari líkamlega heilsu og líðan, og þá sérstaklega transfólk. Hér er meðal annars verið að tala um verki af mismunandi toga, streitu, svefnerfiðleika, krónískt líkamlegt ástand og eigið sjálfsmat á líkamlegri heilsu. Margar rannsóknir benda einnig til þess að notkun alkóhóls og vímuefna sé meiri meðal hinsegin fólks. Í íþróttumhverfinu geta hefðbundnir hættir og viðmið haft áhrif á það hvort og þá hvaða ungmennum líði vel í slíku samhengi. Ungt fólk getur til dæmis forðast líkamsræktarstöðvar af hræðslu við transfóbíu.

Það að byrja snemma að stunda kynlíf er almennt álitnið hafa orsakatengsl við heilbrigða kynverund og kynheilbrigði síðar meir. Rannsóknir sýna að tvíkynhneigðir og þeir sem segjast óvissir um kynhneigð sína byrja að jafnaði að stunda kynlíf fyrr á ævinni samanborið við gagnkynhneigt ungt fólk. Vitnisburðir ungra tví- og samkynhneigðra gefa til kynna að þeir hópar eru gjarnir á að taka meiri áhættu í kynlífi samanborið við gagnkynhneigða.

Samfélagslegir staðlar og lífsskilyrði

Rannsóknirnar sýna að ungt hinsegin fólk geti ekki verið eins opinskátt varðandi kynhneigð og kynvitund sína eins og þau myndu sjálf óska. Hinsegin fólk virðist vera í viðkvæmri stöðu hvað varðar kynferðislega áreitni og ofbeldi. Transfólk virðist sérstaklega oft verða fyrir niðrandi eða meiðandi framkomu, meðferð eða áreitni. Ofbeldið er sjaldan tilkynnt til lögreglu.

Þær rannsóknir sem skoða skólaumhverfi sýna að hinsegin fólk upplifir oftari erfiðleika í skólaumhverfinu en aðrir hópar. Hinsegin fólk lýsir skólanum sem umhverfi þar sem að gagnkynhneigð viðmið eru ráðandi og þetta getur leitt til fleiri fjarvista, skólaleiða og óöryggis í skólanum. Hvað varðar einelti benda margar rannsóknir til þess að ungt hinsegin fólk eigi í meira mæli á hættu að verða fyrir einelti. Nokkrar rannsóknir benda til þess að hinsegin nemendur séu í enn viðkvæmari stöðu í minni skólum eða skólum á landsbyggðinni. Skólahjúkrunarfræðingur getur leikið mikilvægt hlutverk í skólaumhverfinu og veitt stuðning til að mynda í gegnum viðtöl, en það er mikilvægt að viðkomandi aðili sé vel inni í málefnum hinsegin fólks.

Þegar litið er til rannsókna sem fjalla um atvinnulíf benda þær til þess að ungt hinsegin fólk hafi meiri reynslu af langtímaatvinnuleysi en annað ungt fólk. Hvað varðar vellíðan er það tilfallið að þeir sem ekki eru gagnkynhneigðir lýsa yfir meiri óánægðu með atvinnu- og skólaaðstæður sínar og sem vitna um einelti eða að hafa verið gerð hornreka.

Rannsóknirnar sýna að mat ungs transfólks á sambandi sínu við foreldra sína er oft í meðallagi eða slæmt þegar borið er saman við annað ungt fólk. Margt hinsegin fólk, og sérstaklega transfólk og kynsegin fólk vitnar um einmannaleika og skorti á hagnýtum stuðningi frá samfélaginu umhverfis sig.

Einnig sýna nokkrar eigindlegar rannsóknir fram á hvernig mismunandi reynsla og samhengi getur haft áhrif á lífsskilyrði ungs hinsegin fólks. Að alast upp á landsbyggðinni getur til dæmis verið ein tegund af reynslu. Staðir sem að bjóða upp á takmarkað félagslegt umhverfi geta skapað óróleika hjá foreldrum varðandi álit annarra. Staðsetning hefur þó sitthvað að segja þar sem að menningarlegar væntingar geta verið misjafnar eftir stöðum og staðir bjóða ýmist upp á nálægð eða fjarlægð við annað hinsegin fólk, staði og samhengi. Fólk getur átt erfiðara um vik með að vera opið þar sem að trúarbrögð og íhaldsöm gildi eru í hávegum höfð. Ein rannsókn sýnir hvernig samiskur uppruni er álitinn bæði jákvæður og vandkvæðum bundinn í senn. Önnur rannsókn varpar ljósi á reynslu hinsegin hælisleitenda þar sem það að skilgreina sig sem eða vera skilgreindur sem hinsegin einstaklingur getur verið ástæða eineltis og svívirðinga í móttökumiðstöðvum eða húsnæði hælisleitenda.

Af þeim skilgreindu hópum sem rúmast undir hinsegin regnhlífinni skortir fyrst og fremst rannsóknir af reynslu intersex fólks. Þær eigindlegu rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar sýna hversu erfitt það er að vera opin með ástand sitt af hræðslu við að vera ekki álitin heyra til þess kyns sem maður samsamar sig með, að vera álitin skráttin, afbrigðileg eða að einfaldlega umbreytast í sjúkdóminn sinn. Ungt fólk með intersexreynslu upplifir einnig að það skorti þekkingu um intersexástand í samfélaginu.

Áhrifaþættir sem valda merkjanlegum mun innan hinsegin hópsins

Oft vitnar ungt tvíkynhneigt fólk um verri líðan samanborið við ungt samkynhneigt fólk, og verulegt hlutfall vitnisburða um slæma heilsu í rannsóknunum kemur frá transfólki. Transfólk vitnar bæði um verri líkamlega og andlega heilsu. Fleiri stúlkur en strákar í hópnum búa við andleg veikindi eða vanlíðan. Það er algengt að meðal stúlkanna að burðast með sjálfsmorðshugsanir eða að hafa jafnvel gert nokkrar sjálfsmorðstílaunir. Strákar virðast þó oftara hafa gert margar tílaunir til sjálfsmorðs. Samkynhneigðir strákar verða oftara fyrir kynferðislegri áreitni og þeir verða einnig oftara fyrir einelti.

Tvíkynhneigðir vitna gjarnan um viðkvæmari stöðu en samkynhneigðir, til að mynda hvað varðar andleg veikindi, sjálfsmorðstílaunir og líkamleg veikindi. Einnig er hærra hlutfall tvíkynhneigða ekki opinskátt um kynhneigð sína þegar borið er saman við samkynhneigða. Þessi hópur vitnar einnig um að eiga lítil eða engin samskipti við vini og um skort á einhverjum til að tala við. Þá er vert er að draga fram niðurstöður rannsóknar sem nær yfir fólk sem skilgreinir sig ekki sem sam- eða tvíkynhneigt en stundar kynlíf með aðila af sama kyni. Þar kemur fram að þau greinast með verri andlega heilsu borið saman við bæði samkynhneigða og tvíkynhneigða og eru líklegri til þess að hafa framkvæmt sjálfsmorðstílaunir.

Aukinheldur spila aðrir þættir inn í og hafa áhrif á lífsskilyrði ungs hinsegin fólks. Í ýmsum lýðrannsóknum er það einmitt unga fólkið sem að vitnar um vanlíðan eða veikindi. Þetta er útskýrt út frá kenningum um aldurstengt minnihlutaálág, þar sem að fólk sem að telst sem ungmenni verður lendir oft í streituvaldandi aðstæðum í lífinu, en þessum aðstæðum fækkar eftir því sem þau verða eldri. Félagslegar aðstæður er einnig breyta sem getur haft sitthvað að segja um lífsskilyrði ungs hinsegin fólks.

Parfaggreining og aðgerðir

Rannsóknarskýrslurnar taka fram að þeir erfiðleikar sem hinsegin fólk upplifir í hversdagslegu lífi stafi af svokölluðu minnihlutaálági. Með þá útskýringu í huga leggja skýrslurnar mikla áherslu á fræðslu og aukið þekkingarstig í samfélaginu sem viðeigandi aðgerðum til þess að takast á við þessi vandamál.

Margar rannsóknir sammælast um að það sé þörf á breytingu á samfélagsviðhorfum, með aukinni þekkingu um jaðarkynverundarhópa, transfólk og intersexfólk. Í mörgum rannsóknanna eru viðeigandi umbótaaðgerðir útlistaðar. Þörf er á aukinni þekkingu um kynhneigð og óhefðbundna kynverund: á námskeiðum, í skólakerfinu, í kynfræðslunni, innan fjölskyldna, í heilbrigðiskerfinu, í móttöku hælisleitenda. Ýmsar rannsóknir hafa vakið athygli á að einnig þurfi að horfa til fólks sem að tilheyrir hópum sem eru minna þekktir innan samfélagsins (skilgreinir sig hvorki sem gagnkynhneigt, sam- eða tvíkynhneigt) eins og til dæmis kynsegin, eikynhneigðir eða hópar sem að falla utan við og tjá andstöðu við ríkjandi viðhorf um kyn og kynhegðun (s. *queer*²).

2. Hugtakið *queer* er ekki þýtt sem *hinsegin* hér það sem að það hugtak hefur öðlast talsvert viðtækari skírskotun en hér er átt við.



Aðgerðir á Norðurlöndunum

Til þess að takast á við viðkvæma stöðu ungs hinsegin fólks hafa mörg hinna norrænu landa átt frumkvæði að aðgerðum til þess að bæta heilsu, lífsskilyrði og líðan hópsins. Vissum aðgerðum er ætlað að ná milliliðalaust til unga fólksins og öðrum til starfshópa sem ætlað er að mæta hópnum, svo sem starfsfólki í skólum og í heilbrigðiskerfinu. Enn aðrar aðgerðir geta falið í sér fræðslu um aðstæður ungs hinsegin fólks og að færa lykilstofnunum verkefnið að setja hópinn í forgang.

Kortlagning aðgerða sem að NIKK hefur framkvæmt nær utan um aðgerðir frá ólíkum hlutum Norðurlandanna sem að framkvæmdar eru innan sveitafélaga og sjálfstjórnarhéraða en einnig þeirra sem framkvæmdar eru á landsvísu. Það eru fyrst og fremst samtök hinsegin fólks í löndunum sem að standa að baki starfseminni sem að beinist beint að markhópnum. En það geta einnig verið tómstundarleiðtogar eða félagsráðgjafar í bæjarfélögum/sjálfstjórnarhéruðum. Hinsegin samtök reynast að jafnaði sem eins konar þekkingarbankar og bjóða upp á faglega fræðslu og styrkleikabjálfun í málum er varða heilsu og lífsskilyrði ungs hinsegin fólks.

Starfsemin sérhæfir sig í bæði líkamlegum og andlegum veikindum og vanlíðan, og leggja áherslu sem dæmi á viðkvæma stöðu ungs fólks hvað varðar einelti og mismunun sem og fjölskyldulíf og sambönd. Aðgerðirnar eru staðbundnar og/eða eru starfræktar með hjálp internetsins. Aðgerðir eins og netspjall eða símaráðgjöf eru líklega aðgengilegar stærri hópi þar sem að fólk þarf ekki að ferðast til þess að geta nýtt sér þær. Þetta getur haft mikla þýðingu fyrir manneskjur sem að búa á afskekktum svæðum Norðurlanda. Væntanlega hefur slíkt fyrirkomulag einnig hentað vel í heimsfaraldri þegar virða þarf fjarlægðartakmörk. Þó má ekki gleyma að staðbundin starfsemi eykur virkni aðgerða þar sem þá er betur hægt að taka tillit til þarfa markhópsins, til dæmis með því að nota rými þar sem að einstaklingnum líður óhultum og þar sem hann fær möguleika á því að umgangast annað fólk.

Um ritið

Samantekt af skýrslunni:

Heilsa, líðan og lífsskilyrði ungs hinsegin fólks á Norðurlöndunum

Rannsóknaryfirlit og kortlagning aðgerða

Nordisk information for kundskab om køn, NIKK

Þýðing: Sólrún Una Þorláksdóttir

ISBN 978-92-893-7085-1 (PDF)

ISBN 978-92-893-7086-8 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/temanord2021-530>

TemaNord 2021:530

ISSN 0908-6692

© Norræna ráðherranefndin 2021

Myndir: Genessa Panainte/ Unsplash, Ulf Lundin/imagebank.sweden.se, Shingi Rice/ Unsplash

Útgefið:

Fyrirvari

Norræna ráðherranefndin kostaði útgáfu þessa. Efni hennar þarf þó ekki endilega að endurspeгла viðhorf og skoðanir Norrænu ráðherranefndarinnar, afstöðu hennar eða tilmæli.

Réttindi og leyfi

Þetta rit er gert aðgengilegt í samræmi við skilmála Creative Commons Attribution 4.0 International license (CC BY 4.0) <https://creativecommons.org/licenses/by/4.0>

Þýðingar: Ef þú þýðir þennan texta, vinsamlegast taktu eftirfarandi fyrirvara fram: Þessi þýðing var ekki unnin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og á ekki að teljast opinber. Norræna ráðherranefndin svarar ekki til ábyrgðar á þýðingunni né heldur á hvers konar skekkjum í henni.

Aðlögun: Ef þú aðlagar þennan texta, vinsamlegast taktu eftirfarandi fyrirvara fram með heimildartilvísuninni: Þetta er aðlögun á upprunalegri útgáfu Norrænu ráðherranefndarinnar. Viðhorf og skoðanir sem fram koma í aðlöguninni eru aðeins á ábyrgð höfunda/r hennar. Norræna ráðherranefndin hefur ekki samþykkt þau viðhorf og skoðanir sem fram koma í þessari aðlögun.

Efni frá þriðja aðila: Norræna ráðherranefndin á ekki endilega allt efnið í þessari útgáfu. Norræna ráðherranefndin getur þess vegna ekki ábyrgst að endurnýting efnis frá þriðja aðila stangist ekki á við höfundarétt þessa þriðja aðila. Viljir þú endurnýta efni þriðja aðila berð þú jafnframt ábyrgð af hvers kyns réttindaskerðingu

sem af því leiðir. Athugun á hvort þarft sé að afla leyfis til að nota efni þriðja aðila er á þína ábyrgð og sömuleiðis að afla viðeigandi leyfis höfundaréttarhafa í slíkum tilvikum. Efni þriðja aðila getur til dæmis, en ekki eingöngu, verið líkön, töflur eða myndir.

Hugverkaréttur að ljósmyndum (frekari leyfi þarf fyrir endurnýtingu): Allar spurningar varðandi réttindi og leyfi skal senda til:

Norræna ráðherranefndin/PUB

Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
pub@norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflað í hnatrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: <https://www.norden.org/is/publikationer>